

12. apríl 2022

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks  
Skrifstofa MNL  
Ráðhúsi Reykjavíkur

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur ítrekað haft til umræðu á fundum sínum að undanfögnu aðgengismál á 47m löngum göngustíg sem liggur á milli félagsmiðstöðvar borgarinnar í Hraunbæ 105 og nýrrar byggingar með íbúðum ætluðum eldri borgurum að Hraunbæ 103 A-C. Þessi stígur er gönguleið eldri borgara að félagsmiðstöðinni. Stígurinn hefur reynst slysigildra á veturna og hindrað aðgengi íbúa að miðstöðinni. Fallslys hafa orðið þarna í vetur.

Eftir samtöl sem íbúaráð hefur átt við húsfélög aðliggjandi húsa og forsvarsaðila félagsmiðstöðvarinnar sem og aðra aðila innan borgarinnar er niðurstaðan sú að heppilegast sé að borgin taki yfir rekstur þessa stígs og hann verði gerður aðgengilegur árið um kring. Um er að ræða endurlagningu stéttarinnar með hitalögn og handriði til stuðnings. Þá kemur einnig til álita að setja upp skjólvegg á kafla.

Íbúaráð fer þess á leit við Aðgengis- og samráðsnefnd að nefndin komi að fjármögnun þessarar aðgengisbótar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið og starfsmann sviðsins hjá nefndinni.

F.h. íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts

Þorkell Heiðarsson